



ERINDISBRÉF

Starfshópur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), beingreiðslusamninga og húsnæði fyrir fatlað fólk.

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri

Markmið og hlutverk hópsins:

Hlutverk starfshópsins er að endurskoða fyrirkomulag afgreiðslu umsókna og úthlutun samninga um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA), notendasamninga í formi beingreiðslu og sértæks húsnæðis hjá Reykjavíkurborg. Markmið starfshópsins er að vinna tillögur um hvernig betur megi tryggja samræmd og fagleg vinnubrögð við móttöku og afgreiðslu umsókna um NPA, aðra notendasamninga (beingreiðsla) og sértækt húsnæði. Starfshópurinn skal leggja mat á hvort tilefni sé til að viðhafa miðlæga móttöku og afgreiðslu umsókna um þessi þjónustuúrræði. Markmið starfshópsins er einnig að endurskoða matsviðmið sem liggja til grundvallar afgreiðslu umsókna og úthlutun samninga um NPA, beingreiðslusamninga og sértæks húsnæðis og gera tillögu að breytingum á núgildandi reglum borgarinnar um NPA, beingreiðslusamninga og félagslegt leiguhúsnæði.

Þá er það einnig hlutverk hópsins að kanna möguleika þess að vinna persónubundnar áætlanir til þeirra umsækjenda sem eiga samþykktar umsóknir um NPA.

Helstu verkefni:

- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um NPA.
- Útbúa verkferla um notendastýrða persónulega aðstoð, vegna nýrra umsókna og vinnslu þeirra, þ.m.t. tímaramma ferlis frá móttöku umsóknar til samþykktar hennar sem og samskipti ráðgjafa við umsækjanda fram að úthlutun NPA samnings og umreiknings mats á tímafjölda til grundvallar samningum.
- Endurskoða matsviðmið NPA umsókna (matslíkan) og gera tillögur að breytingum þar að lútandi.
- Endurskoða ferli úthlutunar samninga um NPA.
- Endurskoða núgildandi reglur um NPA og gera tillögur að breytingum.
- Kanna og leggja mat á þörf fyrir áætlanir um úthlutun til þeirra sem eiga samþykktar umsóknir um NPA.
- Útbúa verkferla varðandi endurnýjun NPA umsókna, eftirfylgd þeirra og eftirlit með samningum
- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um beingreiðslusamninga.
- Leggja mat á hvort þörf sé á endurskoðun núgildandi reglna um beingreiðslusamninga.
- Gera tillögu að breytingum á matsviðmiðum vegna umsókna um sértæk húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, þ.m.t. biðtíma eftir þjónustuflokkum.
- Leggja mat á hvort tilefni sé til miðlægrar móttöku og afgreiðslu umsókna um sértæk húsnæðisúrræði.
- Endurskoða núgildandi reglur um félagslegt leiguhúsnæði og gera tillögur að breytingum.
- Endurskoða ferli úthlutunar sértæks húsnæðisúrræðis.
- Endurskoða verkferla vegna persónubundinna áætlana fyrir sértækt húsnæði.



Starfshópurinn skipa:

- Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri skrifstofu málefna fatlaðs fólks hjá velferðarsviði, sem jafnframt er formaður starfshópsins
- Helga Jóna Benediktsdóttir, yfirmaður lögfræðiþjónustu velferðarsviðs
- Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks
- Ólafía Magnea Hinriksdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu málefna fatlaðs fólks
- Kristín Ösp Jónsdóttir, lögfræðingur
- Einar Þórmundsson, sérfræðingur á fjármálaskrifstofu velferðarsviðs
- Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri fjármálaþjónustu og ráðgjafar
- Erik Tryggvi S. Bjarnason, skrifstofustjóri áætlana og hagmála
- Ebba Schram, borgarlögmaður
- Theodór Kjartansson, lögmaður

Starfsfyrirkomulag og tímarammi:

Starfshópurinn skal skipa undirhópa til að vinna að mismunandi verkefnum. Skila skal niðurstöðum til sviðsstjóra 31. október nk. Hópurinn skal tryggja vistun fundargerða í Hlöðunni. Hver fulltrúi skal hafa varamann sem situr fundi í fjarveru aðalmanns.

Tillögur að breytingum á nógildandi reglum borgarinnar um NPA, beingreiðslusamninga og félagslegt leiguhúsnaði eru lagðar fyrir velferðarráð og borgarráð til samþykktar.

Reykjavík, 21. ágúst 2024

Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri